

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 50/97
frá 27. júní 1997**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/95 frá 5. apríl 1995⁽¹⁾.

Ákvörðun ráðsins 94/904/EB frá 22. desember 1994 um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32a (tilskipun ráðsins 91/689/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„32aa. 394 D 0904: Ákvörðun ráðsins 94/904/EB frá 22. desember 1994 um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtið. EB nr. L 356, 31. 12. 1994, bls. 14).

Liechtenstein er heimilt að beita svissneskum reglugerðum um hættulegan úrgang, sem gilda í Liechtenstein samkvæmt samningnum frá 29. mars 1923 um aðild Furstadæmisins Liechtenstein að tollasvæði Sviss, gagnvart

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 158, 8. 7. 1995, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 356, 31. 12. 1994, bls. 14.

hættulegum úrgangi sem er fargað eða endurnýttur í Sviss, þar sem þessar reglugerðir tryggja sambærilega umhverfisvernd og mælt er fyrir um í tilskipun 75/442/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 91/156/EBE og tilskipun 91/689/EBE, og um getið í reglugerð (EBE) 259/93.“

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar ráðsins 94/904/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner